

Lög

Skautasambands Íslands

Samþykkt á Skautapingi 1. maí 2021



Lög Skautasambands Íslands (ÍSS)

I. KAFLI GILDISSVIÐ O.FL.	2
1. GREIN SKAUTASAMBAND ÍSLANDS (ÍSS)	2
2. GREIN AÐILD AÐ ÍSS	2
3. GREIN TILGANGUR OG MARKMIÐ ÍSS	2
4. GREIN STJÓRNUN ÍSS	2
II. KAFLI SKAUTAÞING	3
5. GREIN VALDSVIÐ OG FULLTRÚAR	3
6. GREIN TÍMASETNING OG BOÐUN	3
7. GREIN KJÖRNEFND	3
8. GREIN DAGSKRÁ	4
9. GREIN STÖRF SKAUTAÞINGS	4
10. GREIN AUKAÞING	4
11. GREIN REIKNINGSSKIL OG PRÓKÚRA	4
III. KAFLI STJÓRN OG NEFNDIR	5
12. GREIN SKIPUN STJÓRNAR	5
13. GREIN HLUTVERK OG VERKEFNI STJÓRNAR	5
14. GREIN NEFNDIR ÍSS	5
15. GREIN VERKEFNI FASTANEFNDA	6
16. GREIN SIÐAREGLUR OG VANHÆFI	6
IV. KAFLI AÐILDARFÉLÖG ÍSS	7
17. GREIN SKIL Á SKÝRSLUM	7
18. GREIN FORMANNAFUNDIR	7
19. GREIN AÐGANGUR AÐ MÓTUM OG SÝNINGUM	7
20. GREIN AÐALFUNDIR AÐILDARFÉLAGA	7
21. GREIN FÉLAGASKIPTI	7
V. KAFLI ÖNNUR ÁKVÆÐI	8
22. GREIN MEÐFERÐ DEILUMÁLA	8
23. GREIN MERKI ÍSS	8
24. GREIN HEIÐURSFÉLAGAR	8
25. GREIN SAMBANDSSLIT	8

I. Kafli Gildissvið o.fl.

1. grein

Skautasamband Íslands (ÍSS)

Sambandið heitir: Skautasamband Íslands, skammstafað ÍSS.

Skautasamband Íslands (ÍSS) er æðsti aðili um öll skautamál er varða listskauta og/eða skautahlaup innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSÍ. ÍSS er aðili að Alþjóðaskautasambandinu (International Skating Union, ISU). ÍSS er jafnframt fulltrúi fyrir ISU hér á landi.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Aðild að ÍSS

ÍSS er samband íþróttafélaga. Öll íþróttafélög innan ÍSÍ er iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum sbr. 1. gr. geta orðið aðilar að ÍSS.

3. grein

Tilgangur og markmið ÍSS

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi sbr. 1. grein.
2. Að vinna að eflingu skautaíþróttar í landinu.
3. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa mótum, skrá afrek og staðfesta met.
4. Að koma fram héraðs og erlendis fyrir hönd skautaíþróttar á Íslandi.
5. Að sjá um að reglur ÍSS séu í samræmi við alþjóðareglur ISU.
6. Að vera í forsvari fyrir skautaíþróttir innan vébanda ÍSÍ.
7. Að halda námskeið fyrir þjálfara, dómara- og tæknifólk.

4. grein

Stjórnun ÍSS

Málefnum ÍSS stjórnar:

1. Skautaðing.
2. Stjórn ÍSS.

Stjórn ÍSS getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.

II. Kafli Skautaþing

5. grein Valdsvið og fulltrúar

Skautaþing fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu virkra iðkenda skautaíþróttta, sbr. 2. grein. Virkir iðkendur teljast þeir sem greidd voru iðkendagjöld fyrir á almanaksárinu fyrir þingi. Hver iðkandi telst aðeins einu sinni á almanaksárinu samkvæmt nafnalistum:

1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar.
2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50.

Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum sbr. 1. gr, skal þó eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sársambandsþingi til viðbótar við fulltrúa aðildarfélaga innan viðkomandi héraðssambands/-íþróttabandalags.

Á skautaþingi hafa kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og skoðunarmenn ársuppgjörs.
2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ.
4. Nefndarmenn ÍSS.
5. Forseti ÍSÍ.

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.

6. grein Tímasetning og boðun

Skautaþing skal haldið árlega í apríl eða maí. Boða skal til skautaðings opinberlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Tilkynning á heimasíðu ÍSS telst sem opinber birting. Fundarboðið skal senda þeim aðildarfélögum sem eiga rétt á fulltrúum á þingið.

Stjórn ÍSS ákvarðar fundarstað.

Skautaðing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað sbr. 1. mgr.

7. grein Kjörnefnd

Hvert aðildarfélag á sæti í kjörnefnd og skal hún taka til starfa 1. febrúar ár hvert.

Hlutverk kjörnefndar er að taka á móti framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og starfar hún samkvæmt reglugerð um kjörnefnd. Kjörnefnd skal auglýsa framboðsferst opinberlega.

Tilkynningar um framboð skulu berast kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir skautaðing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi ekki næg framboð borist er leyfilegt að bjóða sig fram á þingi.

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu í stjórn ÍSS mega ekki hafa hlotið refsídóma vegna brota á ákvæði XXII. kafla almennra hegningalaga nr. 19/1940 eins og kveður á í lögum ÍSÍ 2. kafla 5a.

Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið stjórnarmeðlimir aðildarfélaga, né virkir iðkendur eða starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga.

Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.

8. grein

Dagskrá

Aðildarfélög að ÍSS, sbr. 2. grein, skulu tilkynna ÍSS minnst þremur vikum fyrir þing um málefni sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu.

Stjórn ÍSS skal tilkynna aðildarfélögum skriflega dagskrá þingsins, efni tillagna sem ræða á á þinginu ásamt framboðum sem borist hafa í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem koma fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum. Þetta á þó ekki við um lagabreytingar.

9. grein

Störf skautapings

Dagskrá skautapings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefnd
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Skýrsla stjórnar lögð fram
6. Ársuppgjör sambandsins lagt fram
7. Umræður og samþykkt reikninga
8. Ávarp gesta
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram
10. Kosning þingnefnda
11. Lagabreytingatillögur
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir taka til starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum
15. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær
16. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar, skv. 12. gr.
17. Kosning tveir skoðunarmenn reikninga
18. Þingslit

Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öðrum málum, nema annað segi í lögum þessum.

Þingnefndir skulu skipaðar fjórum til fimm einstaklingum, en öðrum þingfulltrúum er heimilt að velja sér starfsnefndir.

10. grein

Aukaþing

Aukaþing má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur aðildarfélaga óskar þess. Boða skal til aukapings með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar né kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt skautaping.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga á aukapingi skal vera sá sami og þau höfðu á síðasta skautapingi sem haldið var.

11. grein

Reikningsskil og prókúra

Reikningsár ÍSS er almanaksárið.

Áritað ársuppgjör skal liggja fyrir viku fyrir ársþing.

Sambandið ritar meirihluti stjórnar, en gjaldkeri hefur einn prókúru fyrir sambandið.

III. Kafli Stjórn og nefndir

12. grein

Skipun stjórnar

Stjórn ÍSS skipa fimm einstaklingar og tveir til vara sem kosnir eru á skautapíngi. Formaðurinn er kosinn sérstaklega, en aðrir skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

Forfallist formaður eða hætti á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta skautapíngi.

Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann.

Til að hljóta kosningu til formanns þarf hreinan meirihluta atkvæða. Náist ekki meirihluti atkvæða skal kjósa aftur um tvö efstu framboðin. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða nema fundurinn samþykki aðra tilhögun.

13. grein

Hlutverk og verkefni stjórnar

Hlutverk stjórnar ÍSS er í samræmi við markmið þess og er eftirfarandi:

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi milli skautapínga og framkvæma ályktanir skautapíngs.
2. Að vinna að eflingu skautaíþróttanna í landinu.
3. Að gefa út leikreglur og reglugerðir fyrir skautaíþróttir sem jafnframt eru í samræmi við alþjóðareglur ISU.
4. Að senda ÍSÍ og ISU lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
5. Að aðstoða og hafa eftirlit með að aðildarfélög fari eftir viðurkenndum lögum og leikreglum.
6. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
7. Að ráða niður og ákveða stað og tíma sambandsmóta.
8. Að úthluta þeim styrkjum til skautamála sem ÍSS fær til umráða.
9. Að koma fram héraðs og erlendis fyrir hönd skautaíþróttanna.
10. Að halda regluleg námskeið fyrir þjálfara, dómara og tæknifólk.

Að auki skal stjórn velja fulltrúa á Íþróttapíng ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ.

Stjórnin hefur heimild til að ráða launaða starfsmenn og gera við þá ráðningarsamninga.

Formaður ÍSS boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um, séu gildar þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. formaður ásamt tveimur stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda reglulega. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Auk þess skal kalla saman stjórnarfundi, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

14. grein

Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa innan ÍSS:

- Mótanefnd
- Afreksnefnd
- Laganefnd
- Dómara- og tækninefnd
- Þjálfunar- og fræðslunefnd

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Stjórn ÍSS skipar formenn fastanefnda til eins árs í senn skv. reglugerð viðkomandi nefndar sem stjórn ÍSS setur.

Stjórn og formenn viðkomandi nefndar skipa aðra nefndarmenn.

Afreksnefnd ásamt dómara- og tækninefnd skulu eingöngu skipaðar fólki með fagþekkingu á íþróttinni. Nefndarmenn í afreksnefnd skulu ekki koma að þjálfun iðkenda sem nefndin fjallar um eða á afreksstigi. Nefndir skulu starfa samkvæmt reglugerðum. Nefndir hafa ekki sérstakan fjárhag en hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á verkefnum.

Ábyrgðin er á nefndum en með samþykki stjórnar ÍSS og því getur stjórn ÍSS krafist nánari útskýringa á niðurstöðum nefnda.

Starfstímabil fastanefnda er samkvæmt reglugerð.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa áheyrnarfulltrúa í öllum nefndum á vegum sambandsins.

15. grein

Verkefni fastanefnda

Nefndir skulu starfa samkvæmt starfslýsingum í reglugerðum er varða hverja nefnd.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

- **Mótanefnd** hefur yfirumsjón með framkvæmd ÍSS móta og skal hafa eftirlit með framkvæmd annarra skautamóta og fylgja eftir að þau séu í samræmi við útgefnar móta- og keppnisreglur.
- **Afreksnefnd** vinnur samkvæmt útgefni afreksstefnu ÍSS og skal sjá um val í landsliðsverkefni sem og skautara ársins ásamt verkefnum sem snúa að afrekskauturum.
- **Laganefnd** skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar.
- **Dómara- og tækninefnd** ber ábyrgð á málefnum er varða leikreglur um dómaramál og dómgæslu.
- **Þjálfunar- og fræðslunefnd** sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og almenna fræðslu íþróttanna.

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp gætu komið á starfstíma þeirra

16. grein

Siðareglur og vanhæfi

Einstaklingar sem vinna fyrir hönd ÍSS í stjórnar- og nefndavinnu sem og á mótum skulu í hvívetna fara eftir siðareglum Skautasambands Íslands (ÍSS), Alþjóðaskautasambandsins (ISU) og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍÍ).

Einstaklingi sem koma að meðferð og afgreiðslu máls ber að víkja sæti þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

IV. Kafli Aðildarfélög ÍSS

17. grein Skil á skýrslum

Ársskýrslur og ársuppgjör aðildarfélaga ÍSS skulu berast á tölvutæku formi til ÍSS fyrir 15. apríl ár hvert.

18. grein Formannafundir

Stjórn ÍSS skal í upphafi keppnistímabils boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu.

Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannarlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara. Hlutverk formannafunda er til upplýsinga og samráðs. Dagskrárliðir skulu kynntir í fundarboðinu.

Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfélags. Að auki getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

Á dagskrá formannafunda skal vera:

1. Skipulag keppnistímabilsins og verkefni framundan.
2. Áherslur stjórnar fyrir tímabilið kynntar.
3. Reglubreytingar.
4. Önnur mál.

19. grein Aðgangur að mótum og sýningum

Stjórn ÍSS og starfsmenn sambandsins hafa frjálstan aðgang að öllum skautamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda ÍSS.

20. grein Aðalfundir aðildarfélaga

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn ÍSS um aðalfundi sína með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Stjórn ÍSS og starfsmenn sambandsins hafa rétt til að sitja aðalfundi aðildarfélaga.

21. grein Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram eftir reglugerð ÍSS um félagaskipti

V. Kafli Önnur ákvæði

22. grein

Meðferð deilumála

Dómstólar ÍSí fara með mál sem upp kunna að koma innan skautahreyfingarinnar, samkvæmt 4. kafla í lögum ÍSí um Dómstóla ÍSí. Skal þá farið eftir reglum ISU, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísað til dómstóla ÍSí eða ISU, eftir því sem við á hverju sinni.

23. grein

Merki ÍSS

Merki ÍSS er myndað af bókstafnum Í og tveimur bókstöfum S sem umvefja stafinn Í eins og skautarákir á ís.

24. grein

Heiðursfélagar

Heiðursféлага ÍSS má stjórnin kjósa, ef hún er einhuga um það.

25. grein

Sambandsslit

Tillögur um að leggja ÍSS niður má aðeins taka fyrir á lögmætu skautþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða viðstaddra skráðra fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum aðildarfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt aftur með 3/4 hluta atkvæða, er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍSS niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum ÍSS; en þeim má aðeins verja til eflingar skautaiþróttar í landinu.